

Herra forseti.

Ég þakka ykkur báðum fyrir áhugaverðar framsögur.

Mér er það ljúft að fagna því formlega að aðildarviðræður séu að hefjast og tel að þetta sé sögulegur dagur fyrir okkur og eins fyrir Evrópusambandið.

Ég tel einnig að umsókn okkar sé rökrétt skref í utanríkisstefnu Íslands. Frá því að við öðluðumst sjálfstæði höfum við fylgt þeirri stefnu að taka á virkan hátt í starfi evrópskra stofnana. Reynslan hefur leitt í ljós að sjálfstæði Íslands og hagsmunir þess eru best tryggðir með því að eiga atkvæðisrétt og rödd í samstarfi vestrænna lýðræðisríkja sem hafa réttarríkið í heiðri og virða mannréttindi.

Herra forseti.

Umsókn okkar er ekki síst byggð á þeirri staðreynd að sem þjóð finnum við til sterkar evrópskrar samkenndar. Við höfum í gegnum tíðina ekki aðeins verið þiggjendur í samskiptum okkar við Evrópu heldur einnig lagt ríkulega af mörkum til evrópskrar menningar.

Ef til vill eru Íslendingasögurnar, sem ritaðar voru á 13. öld, eitt mikilvægasta framlag okkar. Þær veita einstaka sýn inn í miðaldasögu heimsálfu okkar og lýsa jafnframt reynslunni af uppbyggingu nýs landnemasamfélags langt norður í Atlantshafi.

Ég leyfi mér því, herra forseti, að segja að menning okkar sé óaðskiljanlegur hluti af evrópskri menningu.

Lýðræðisleg gildi okkar samræmast einnig hinni evrópsku hefð.

Réttarríkið er greytt í lýðræðisfyrirkomulag okkar. Við höfum hlúð að tjáningarfrelsinu. Við virðum mannréttindi, berjumst fyrir jafnrétti og hjá okkur hafa þróast öflugar lýðræðislegar stofnanir.

Við höfum skapað velferðarsamfélag sem þrátt fyrir tímabundna efnahagslega erfiðleika er í fremstu röð.

Eins og ykkur er kunnugt var Ísland stofnaðili að Atlantshafsbandalaginu, Efnahags- og framfarastofnuninni, og síðar Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, og við höfum alltaf lagt mikla áherslu á starfsemi okkar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Við völdum snemma þá leið að starfa náið með ríkjum Evrópu á sviði efnahagsmála og á þessu ári fögnuðum við því að Ísland hefur verið aðili að EFTA í 40 ár. Samvinna okkar og Evrópu varð enn nánari þegar Ísland gerðist aðili að innri markaðinum með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og með aðild að Schengen-samstarfinu urðu ytri landamæri okkar hluti af ytri landamærum Evrópusambandsins.

Ísland á því í eins nánu samstarfi við Evrópu og hægt er án þess að vera aðildarríki Evrópusambandsins.

Herra forseti.

Framkvæmdastjórnin hefur mótað vegvísi fyrir þá 33 kafla sem samið verður um.

Þeir kaflar sem þegar falla undir EES ættu því að verða auðveldir viðfangs. Þó mun því verða haldið fram af Íslands hálfu að tilteknar lausnir, sem þegar hefur verið fallist á á grundvelli EES, séu vel rökstuddar og muni standast athugun í aðildarviðræðunum. Þetta á m.a. við um reglur um innflutning á lifandi dýrum og orkumál þar sem aðstæður okkar eru verulega frábrugðnar aðstæðum annarra aðildarríkja. Einnig verður að taka mið af legu Íslands og menningarlegum hefðum að því er varðar sjálfbæra nýtingu ýmissa dýrategunda, m.a. sjávarspendýra og fuglategunda.

Í samræmi við það samkomulag sem náðist um Lissabon-sáttmálann væntum við þess að Ísland, sem aðildarríki, muni tilnefna framkvæmdastjóra, sem og að íslenska verði eitt af opinberum tungumálum Evrópusambandsins.

Herra forseti.

Ég leyfi mér að benda á nokkur lykilatriði sem falla utan EES.

Eins og ykkur er kunnugt byggir ekkert aðildarríki afkomu sína í jafnríkum mæli á sjávarútvegi og Ísland. Fiskafurðir eru nálægt því helmingur af vöruútflutningi Íslands. Strandbyggðirnar eru háðar sjávarútvegi sem er þeirra mikilvægasta tekjulind. Sú staðreynd að tekjur af sjávarútvegi á mann eru hundrað sinnum hærri en meðaltal innan ESB endurspeglar hvað best þann mun sem er á Íslandi og öðrum löndum Evrópu.

Auðvitað þarf ekki annað en að líta á landakortið til þess að sjá að þörf er fyrir sameiginlega fiskveiðistefnu í Evrópu og ég leyfi mér að segja að við getum sameinast um helstu markmið hennar.

Lögsaga Íslands er þó einstök að tvennu leyti: Efnahagslögsaga okkar er víðfeðm og nær yfir meira en 760 þúsund ferkílómetra svæði. Sú staðreynd er þó

eftirtektarverðust að ólíkt öllum aðildarríkjunum liggur lögsaga okkar ekki að lögsögu neins ESB-ríkis. Til viðbótar eru flestir stofnar okkar staðbundnir.

Við teljum að mæta megi þessari sérstöðu t.d. með því að skilgreina efnahagslögsögu Íslands sem sérstakt stjórnsvæði þar sem íslensk stjórnvöld bera áfram ábyrgð á stjórnun fiskveiða. Við verðum einnig að sjá til þess að meginreglan um hlutfallslegan stöðugleika tryggi að við fáum okkar hlut úr deilistofnum og við verðum að huga gaumgæfilega að málum eins og reglum um fjárfestingar og fyrirsvar á alþjóðavettvangi. Þetta eru atriði sem ég er fullviss um að fjallað verður um með opnum huga og skilningi.

Við verðum að hafa í huga að sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni var ætlað að þjóna sameiginlegum hagsmunum en ekki koma í veg fyrir ESB-aðild mikilvægra fiskveiðiþjóða í Norður-Atlantshafi.

Herra forseti.

Líkt og í öðrum Evrópuríkjum á landbúnaður djúpar rætur í íslensku samfélagi. Einungis nokkrar kynslóðir skilja flesta Íslendinga frá bændasamfélaginu sem þeir koma margir hverjir úr – ég sjálfur er aðeins nær því.

Á Íslandi hefur landbúnaðurinn tekið gífurlegum breytingum á síðastliðnum árum, svipað og gerst hefur í öðrum löndum. Á hinu hefðbundna býli býr þó enn bóndi ásamt fjölskyldu sinni með sauðfé og kýr – og auðvitað íslenska fjárhundinn, svo vitnað sé í Shakespeare.

Í okkar tilviki skýrist mikilvægi landbúnaðarins af legu landsins. Við erum einangruð eldfjallaeyja við norðurheimskautið. Íslenskir bændur hafa alltaf - einnig þegar náttúruhamfarir hafa dunið yfir – tryggt lífsafkomu samfélagsins með því að skapa okkur fæðuöryggi og fyrir það stöndum við í eilífri þakkarskuld við þá.

Þegar við hefjum samningaviðræður munum við semja í þágu framtíðarstöðugleika landbúnaðarsamfélaganna og bættra starfsskilyrða bænda.

Ég lít með ánægju til væntanlegs samstarfs okkar, herra forseti, um að styrkja þennan veigamikla öryggisþátt, með hliðsjón af því að ESB hefur á árangursríkan hátt komið til móts við þarfir sérhvers nýs aðildarríkis í fyrri aðildarviðræðum

Herra forseti.

Ísland hefur nýtt sér fjármálakreppuna til að hrinda í framkvæmd verulegum umbótum á fjármálakerfinu í nánú samstarfi við alþjóðlega samstarfsaðila. Af

kreppunni má draga þann lærdóm að heilbrigð stefna í efnahagsmálum sé lykillinn að stöðugleika og hagsæld. Með tilliti til þess munu efnahags- og peningamál verða meðal mikilvægustu atriða í samningaviðræðunum.

Ég hef þá trú að Ísland geti uppfyllt skilyrði fyrir upptöku evru fyrr en margir gera ráð fyrir og að sama skapi að aðild að evrusvæðinu verði raunverulega óaðskiljanlegur hluti endurreisnar Íslands og stöðugleika til langs tíma litið.

Við munum einnig leitast við að finna sameiginlega nálgun í samningaviðræðunum til að styrkja gjaldmiðil okkar á komandi mánuðum og árum til þess að auðvelda nauðsynlega umbreytingu.

Herra forseti.

Ávinningurinn sem ég tel að Ísland hafi af því að ganga í Evrópusambandið liggur nokkuð ljós fyrir:

Við sækjumst eftir því að öðlast rétt til þess að sitja við fjölskylduborðið þegar ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á framtíð okkar.

Við stefnum að því öryggi sem felst í sterkum alþjóðlegum gjaldmiðli.

Við leitum eftir erlendum fjárfestingum.

Við viljum stöðugt umhverfi og viðvarandi vöxt sem hvetur til þróunar í hátækniðnaði, sem þegar leggur til 25% af útflutningstekjum okkar.

Síðast en ekki síst leitum við eftir því að búa við langtímaöryggi sem lítil þjóð, sem hvorki hefur né ætlar að hafa her, getur öðlast með því að tilheyra stórfjölskyldu Evrópu.

Eins og fram kom hér að framan hefur Ísland alltaf verið opið fyrir Evrópu og menningu hennar. Við höfum séð þetta endurspeglast í traustum stuðningi við ESB í flestum skoðanakönnunum á síðastliðnum áratug. Stuðningurinn náði nýjum hæðum í öldurótinu í kjölfar bankahrunsins.

Á síðasta ári, þegar Icesave-málið kom upp, sem margir Íslendingar röktu til gallaðra reglugerða og skorts á reglum innan EES um hvernig ætti að bregðast sameiginlega við slíkum ósköpum, urðum við vör við að verulega dró úr stuðningi.

Ég er sannfærður um að með árangursríkum lausnum um þau grundvallaratriði, sem ég hef rætt um í morgun, muni Íslendingar styðja aðild í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Sannfæring mín byggist á þeirri staðreynd að íslenska þjóðin hefur alltaf dregið lærdóm af eigin sögu. Þegar litið er til sögu Íslands kemur skýrt mynstur fram: Þegar samstarf okkar við Evrópu á sviði viðskipta, stjórn mála, lista, menntamála og menningarmála hefur borið hvað hæst hefur íslenskt samfélag blómstrað.

Hið sama verður upp á teningnum þegar Ísland verður aðili að ESB. Það verður sterkara, mun njóta meira öryggis og þegar fram líða stundir mun það njóta hagsældar að nýju. Um leið verður Evrópusambandið einnig sterkara og fyllra og mun endurspeglar enn frekar fjölbreytileika Evrópu.

Þakka þér fyrir, herra forseti.